

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um framkvæmd niðurgreiðslna dreifingarkostnaðar rafmagns í dreifbýli, nr. 773/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðinu meðalkostnaði í 1. mgr. 1. gr. bætast við orðin: „án fastra gjalda“.

2. gr.

Á eftir orðunum dreifingar þeirra í 1. mgr. 2. gr. bætast við orðin: „sundurliðað í orku-gjöld, aflgjöld og föst gjöld,“.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 98/2004 öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. janúar 2007.

Jón Sigurðsson.

Kristján Skarphéðinsson.